

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra,
skilmálar vegna frístundabyggðar.**

Skipulagsstofnun staðfesti 22. mars 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. febrúar 2022.

Í breytingunni felst breyting á orðalagi þar sem í stað ákvæðis um að nýir áfangar verði ekki skipulagðir fyrir en minnst 2/3 hlutar frístundalóða hafi verið byggðar kemur ákvæði um að minnst 2/3 hlutar frístundalóða hafi verið ráðstafað (leigt/selt).

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. mars 2022.

F.h. forstjóra,
Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 5. apríl 2022